

Föstudaginn 31. marz 1950.

Nr. 65/1949. **Eyjólfur Sveinsson** (Ragnar Jónsson)

gegn

Borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs

(Tómas Jónsson).

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Hin áfrýjaða lögtaksgerð er framkvæmd af Steindóri Gunnlaugssyni, fulltrúa borgarfélagans í Reykjavík.

Áfrýjandi hefur með stefnu 28. marz 1949, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m., skotið til Hæstaréttar samkvæmt 11. gr. laga nr. 29/1885 lögtaksgerð, framkvæmdri 25. nóv. 1948. Krefst hann þess, að lögtaksgerðin verði felld úr gildi og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að lögtaksgerðin verði staðfest og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Árið 1948 var lagt á áfrýjanda útsvar til Reykjavíkurbæjar að fjárhæð kr. 1500.00. Kærði hann útsvarið til niðurjöfnunarnefndar og krafðist þess, að það væri fellt niður, með því að hann væri ekki heimilisfastur í Reykjavík. Niðurjöfnunarnefnd tók kærana ekki til greina, og kærði áfrýjandi þá útsvarsálagninguna til yfirséðanefndar og síðar ríkisskattanefndar, en skattayfirvöld þessi töldu áfrýjanda útsvarsskyldan í Reykjavík og úrskurðuðu, að útsvarið skyldi standa óbreytt. Á meðan ríkisskattanefnd hafði kæru áfrýjanda til meðferðar, var framkvæmt lögtak það, sem nú er áfrýjað.

Áfrýjandi kveðst hafa búið mörg undanfarin ár, þar á meðal árin 1947 og 1948, á Gillastöðum í Reykhólasveit. Dveljist fjölskylda hans á Gillastöðum og stundi búið, en sjálfur kveðst hann hafa ráðið úrsmiður til skartgripaverzlunar Jóns Sigmundssonar í Reykjavík árið 1944 eða 1945. Hafi hann þó sett það skilyrði að mega jafnframt stunda bú sitt. Síðan hafi hann ýmist dvalizt vestra að búi sínu eða hér í bæ við iðn sína. Starfskjör sín hér kveður hann vera þau, að

hann fái ákveðinn hundraðshluta af greiðslum fyrir úrviðgerðir, sem hann framkvæmir. Telur hann lögheimili sitt hafa verið á Gillastöðum árin 1947 og 1948, sem hér skipta máli.

Áfrýjandi hefur jafnan verið skráður á manntal í Reykjavík síðan haustið 1944, en þess jafnframt getið, að lögheimili hans væri á Gillastöðum.

Allan þenna tíma, þar á meðal árin 1947 og 1948, hefur hann verið starfsmaður við atvinnustofnun í Reykjavík, og hefur hann ekki þrátt fyrir áskorun stefnda sýnt fram á, að hann hafi verið langdvölum utan Reykjavíkur á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Verður því að telja hann hafa verið útsvarsskyldan í Reykjavík samkvæmt 8. gr. laga nr. 66/1945, er á hann var lagt útsvar það, sem í þessu máli getur. Ber samkvæmt þessu að staðfesta hina áfrýjuðu lögtaksgerð.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 600.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð á að vera óröskuð.

Áfrýjandi, Eyjólfur Sveinsson, greiði stefnda, borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 600.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Réttarhald í fógetarétti Reykjavíkur 25. nóv. 1948.

Fyrir var tekið eftir beiðni bæjargjaldkera Reykjavíkur, en á ábyrgð bæjarsjóðs:

að gera lögtak hjá Eyjólfvi Sveinssyni til tryggingar ógoldnu útsvari til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir ár 1948, kr. 1500.00 auk dráttarvaxta, kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Gerðarþoli er sjálfur mættur í réttinum, og skoraði fógeti á hann að greiða umkrafið gjald, en hann kveðst eigi geta greitt.

Skoraði fógeti þá á gerðarþola að benda á eignir til uppskriftar og lögtaks og brýndi fyrir honum að segja satt og hverju það varðaði að lögum að skýra rangt frá fyrir rétti.

Aður en uppskriftin byrjaði, unnu vottarnir svohljóðandi heit.

Við undirritaðir, sem höfum verið kvaddir til þess að vera vottar og virðingarmenn við fógetagerð þessa, heitum því að viðlögðum drengskap okkar að vinna þetta verk eftir beztu samvizku og þekkingu.

Síðan voru eftir tilvísun mætta eftirtaldir munir skrifaðir upp og virtir þannig:

1 útvarpstæki kr. 250.00. Fleira ekki til.

Lýsti fógæti þá yfir því, að hann gerði lögtak í ofangreindum eignum gerðarþola til tryggingar framangreindri útsvarsskuld auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, allt að geymdum betra rétti sérhvers þriðja manns.

Brýndi fógæti þá fyrir gerðarþola, að eigi mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn hátt, er færri í bág við gerð þessa, að viðlagðri hegningarábyrgð.

Gerðinni, sem að nokkru reyndist árangurslaus, lokið.

Föstudaginn 31. marz 1950.

Nr. 150/1949. **Ákærvaldið** (Kristján Guðlaugsson)

gegn

Skarphéðni Jónssyni (Hermann Jónsson).

Ólögleg áfengissala.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitnin Sigurður Breiðfjörð Þorbjörnsson og Ásmundur Magnússon komið fyrir dóm og skýrt frá því, að þeir hafi fullvissað sig um, að bifreið sú, sem í máli þessu greinir, hafi verið merkt einkennistölunni R 3455. Kveðast vitnin hafa ritað upp einkennistölu bifreiðarinnar, þegar er þeir höfðu keypt áfengisflöskuna af bifreiðarstjóranum. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms um aðdraganda og atvik að áfengiskaupunum þykir mega staðfesta hann.

Samkvæmt þessu ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.